

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 48/2004

frá 23. apríl 2004

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hlíðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2003 frá 7. nóvember 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/73/EB frá 24. júlí 2003 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/94/EB ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 21ac (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/94/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32003 L 0073:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/73/EB frá 24. júlí 2003 (Stjtið. ESB L 186, 25.7.2003, bls. 34).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/73/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 58 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 7, 12.2.2004, bls. 40.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 186, 25.7.2003, bls. 34.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 23. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*